

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 – 1991

30. maí 1991

361

Nr. 57

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 30. maí 1991.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Benediktsson.

31. maí 1991

FORSETABRÉF

Nr. 58

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 114. löggjafarþings, frá 31. maí 1991 og standi sú frestun til septemberloka nema kveðja þurfi Alþingi saman skv. síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

30. júlí 1991

AUGLÝSING

Nr. 59

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 30. júlí 1991.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Benediktsson.
A 25

Prentsmiðjan Gutenberg hf.